

Ný lesfimiviðmið Menntamálastofnunar

Haustið 2015 hófst hjá Menntamálastofnun vinna við þróun skimunar- og stöðuprófa í lestri sem hlotið hafa heitið *Lesferill*. Fyrsti hluti þessara prófa er nú tilbúinn til notkunar ásamt lesfimiviðmiðum fyrir 1.-10. bekk grunnskóla. Próf og viðmið fyrir lesskilning og ritun verða fullbúin í árslok 2018.

Hvað er lesfimi?

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt.

Hvað eru lesfimiviðmið?

Lesfimiviðmið eru einskona vörður sem settar eru þannig fram að þær sýna stíganda í lesfimi frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið um færni nemenda í lesfimi sem gegna því hlutverki að setja upp markmið fyrir nemendur í hverjum árgangi þannig að þeir verði undirbúnir fyrir þær kröfur sem þeir munu þurfa að mæta á næstu stigum náms. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Ný lesfimiviðmið Menntamálastofnunar byggja á niðurstöðum úr lesfimiprófum *Lesferils* í maí. Mælieiningin orð á mínútu er upp að vissu marki háð stíl, innihaldi og orðfæri hvers texta, þess vegna er hætt við meiri óvissu í niðurstöðum ef aðrir aldurssamsvarandi textar eru notaðir.

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimipróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210


Viðmiðin eru birt sem rétt lesin orð á mínútu en jafnframt fylgir hér samsvarandi tafla með rétt lesnum atkvæðum á mínútu. Sú tafla verður eingöngu notuð tímabundið og er hún hugsuð fyrir kennara og foreldra til að átta sig betur á fyrir hvað þessar tölur standa.

Tafla 2. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna atkvæða á mínútu.


Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	30	80	110
2. bekkur	60	130	160
3. bekkur	90	170	200
4. bekkur	130	200	240
5. bekkur	150	230	270
6. bekkur	175	260	290
7. bekkur	200	280	320
8. bekkur	215	300	350
9. bekkur	230	300	350
10. bekkur	240	300	350

Eins og áður hefur komið fram eru sett viðmið fyrir hvern árgang grunnskólans. Gert er ráð fyrir stíganda í lesfimi viðmiðum frá einum bekk til annars. Þegar lesfimi viðmiðum er náð þarf samt sem áður að þjálfa lestur áfram upp allan grunnskólann til að viðhalda góðri lesfimi.


Til að koma til móts við fjölbreytileika nemendahópsins og til að markmiðin séu metnaðarfull en jafnframt raunsæ eru lesfimi viðmiðin þrískipt:



Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu.



Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda náí viðmiðinu.



Viðmið 3: Stefnt er að því að 25% nemenda náí viðmiðinu.

Hvers vegna að setja lesfimi viðmið?

Niðurstöður úr stöðlun lesfimiþróa *Lesferils* sýna að óverulegar framfarir eru frá miðstigi til unglíngastígs og lesfimi nemenda við lok grunnskóla er ábótavant. Þannig ná einungis 64% nemenda viðmiði 1 við útskrift, 29% nemenda ná viðmiði 2 og aðeins 8% nemenda ná viðmiði 3. Lesfimi viðmið Menntamálastofnunar fela í sér væntingar um töluverðar framfarir í lesfimi frá því sem nú er. Setning þessara viðmiða er þó á engan hátt óraunhæf þar sem nýleg íslensk dæmi eru um miklar framfarir í lesfimi á skömmum tíma í sveitarfélögum þar sem lestrarmál voru tekin fastari tökum. Nefna má að í samanburði við önnur lönd benda niðurstöður PISA 2012 eindregið til þess að talsvert svigrúm sé til framfara hjá íslenskum nemendum. Vert er að geta þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust frá framhaldsskólunum telja framhaldsskólakennarar að nemendur á bóknámsbrautum þurfi að lágmarki að geta lesið um 180 orð á mínútu til að komast yfir það námsefni sem ætlast er til af þeim.

Mikilvægt er að fylgjast vel með lesfimi allra nemenda og tryggja að henni sé viðhaldið með markvissri þjálfun. Sérstaklega þarf að hyggja að lestri nemenda sem eru nærri viðmiði 1, því þeir eiga oftast í vanda tengdum lestrarferlinu og viðbúið er að framhaldsskólar þurfi að halda áfram lestrarþjálfun með þeim. Mikilvægt er að þeir fái markvissa lestrarþjálfun til að geta nýtt sér lestur í daglegu lífi.

Á hvaða gögnum byggja lesfimiviðmiðin?

- Niðurstöðum úr stöðlun lesfimiþrófa *Lesferils* (2015-2016).
- Sjónarmiðum sérfræðinga úr ráðgjafahópi.
- Niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna á lesfimi.
- Viðmiðum sem fræðimenn hafa fjallað um og lúta að lesfimi.
- Mati á kennsluefni sem nemendum er ætlað að takast á við á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Gögnum frá íslenskum skólum sem hafa náð aukinni færni í lesfimi með markvissri íhlutun.
- Gögnum frá framhaldsskólum.

Hvert er markmiðið með setningu lesfimiviðmiða?

Markmið með setningu lesfimiviðmiða, ásamt væntanlegum viðmiðum um lesskilning og ritun, er að stuðla að bættu læsi barna og ungmenna í íslensku skólakerfi. Viðmið um læsi barna eru verkfæri fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgjast með framförum, styðja við læsi og auka þannig líkurnar á því að sem flestir geti aflað sér menntunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi.